



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda leikskóladeilda og leikskólakennara í febrúar 2022

Á 226. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. mars 2022 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um fjölda leikskóladeilda hjá leikskólum Reykjavíkur í febrúar 2022, hversu margir leikskólakennarar starfa á leikskólum Reykjavíkur í febrúar 2022 og hversu margar deildir eru með starfandi leikskólakennara. Hversu margir starfsmenn eru á leikskólum Reykjavíkur?

Svar:

Í febrúar 2022 voru starfandi í borgarreknum leikskólum Reykjavíkurborgar 2.079 starfsmenn í 1.753 stöðugildum. Þar af voru 490 starfsmenn í 445 stöðugildum leikskólakennara með leyfisbréf kennara. Leikskóladeildir í febrúar 2022 voru 304. Þar af voru 99 deildir sem voru ekki með starfandi leikskólakennara, hvorki í starfi deildarstjóra eða leikskólakennara í almennu starfi. Þar af leiðandi voru 205 leikskóladeildir starfandi með leikskólakennara í febrúar 2022.